


	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>VLV103 haustönn 2018</b>	

Síða 1 í 3

<b>Kennari/kennarar:</b> Þórður Eiríksson	<b>Netfang/netföng:</b> Doddi@fva.is
--	---

**Námsgögn:**

Leiðbeiningar frá kennara

**Lýsing:**

Í þessum áfanga vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í hinum ýmsu þáttum námsins.

Nemendur velja verkefni í samvinnu við kennara í upphafi annar og gera því næst verk- og kostnaðaráætlanir og önnur gögn er verkið varða.

Æskilegt er að verkefni tengist atvinnulífinu og sé unnið í samstarfi við fyrirtæki en það getur einnig verið hreint skólaverkefni sem tengist vinnu nemenda í öðrum áföngum.

Í upphafi áfanga er mikilvægt að nemendur fái sameiginlega kynningu á aðferðafræði verkefnavinnunnar og þeim kröfum sem skólinn gerir varðandi gæði verkefna, faglega breidd og dýpt, umfang, efnistöð, framsetningu, frágang.

Gert er ráð fyrir að nemendur vinni ýmist einir sér eða tveir saman að lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda en nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að kennurum og e.t.v. einnig aðilum í atvinnulífinu sem gætu veitt leiðsögn í verkefnavinnunni. Í lok áfangans leggja nemendur fram verkefni sín og kynna þau innan skólans.

**Markmið (þekking, leikni, hæfni):**

Nemandi:

Þekki til vinnubragða við undirbúning og framkvæmd sjálfstæðrar verkefnavinnu

Geti skilgreint viðfangsefni, sett sér markmið og gert verk- og kostnaðaráætlanir

Geti gert vinnulýsingu og vinnuteikningar

Geti útfært og unnið eftir verkáætlun, vinnulýsingu, teikningum o.s.frv.

Geti valið efni, búnað og aðferðir við hæfi


Geti framkvæmt viðeigandi prófanir og mælingar vegna verkefnisins

Kunni skil á öryggis- og reglugerðarákvæðum sem verkið varða

Geti aflað sér viðeigandi upplýsinga og nýtt sér leiðsögn og ráðgjöf annarra

Geti skrifað greinargóða skýrslu um verkefni

Geti gert öðrum grein fyrir verkefni sínu, kynnt það og útskýrt einstaka þætti þess

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>VLV103 haustönn 2018</b>	
Síða 2 í 3		

**Námsmat:**

Gefið verður fyrir eftirfarandi þætti:  
Vinnusemi yfir önnina 10%  
Metnað í verkefnavali 10%  
Hönnun verkefnisins 20%  
Frágangur (lagnir, hugbúnaður, útlit ofl.) 35%  
Framvinduskýrslur yfir önnina 15%  
Kynning 10%


**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Athugið að það er ekki gefið að þeir tímar sem gefnir eru fyrir áfangan í stundaskrá dugi til að klára verkefni. Skipulag vinnu yfir önnina er á ábyrgð nemanda, og má gera ráð fyrir töluverðri vinnu utan skólatíma.

**Tími við nám:**

Tímasókn 60 klst.  
Heimavinna 60 klst

Alls: 120 klst

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<b>Námsáætlun</b> <b>VLV103 haustönn 2018</b>	

Vik a	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1		Kynning á áfanganum	
2		Sjálfstæð vinna	
3		Sjálfstæð vinna	
4		Sjálfstæð vinna	
5		Sjálfstæð vinna	
6		Sjálfstæð vinna	
7		Sjálfstæð vinna - Miðum við að verkefnið sé hálfnað hér	
8		Sjálfstæð vinna	
9		Sjálfstæð vinna	
10		Sjálfstæð vinna	
11		Sjálfstæð vinna	
12		Sjálfstæð vinna	
13		Sjálfstæð vinna – Miðum við að verkefnið sé tilbúið hér	
14		Sjálfstæð vinna – Smá lagfæringar, leiðréttingar á teikningum ofl	
15		Kynningar á verkefnum	
16		Farið yfir verkefnið og einkunnargjöf	
17		Farið yfir verkefnið og einkunnargjöf	

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*